

Mánudaginn 15. desember 1997.

Nr. 501/1997.

Íslenska ríkið

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Myllunni-Brauði hf.

(Ævar Guðmundsson hdl.)

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1997, þar sem hafnað er þeirri kröfu sóknaraðila, stefnda í héraði, að dómendur víki sæti. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að héraðsdómurinum Sigríði Ólafsdóttur og Skúla J. Pálmasyni verði gert að víkja sæti í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti liggur ekki nú að meta, hvort þörf sé á sérfróðum meðdómanda. Með þessari athugasemd verður úrskurður héraðsdóms staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, íslenska ríkið, greiði varnaraðila, Myllunni-Brauði hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1997.

Krafa stefnda byggist annars vegar á því, að þeir dómamarar, sem krafa er gerð um, að víki sæti nú, hafi fjallað um málið eftir dómtöku þess ásamt Stefáni Svavarssyni og Stefán þannig getað haft áhrif með skoðunum sínum

á aðra dómara. Þá hafi þessir dómara þegar kveðið upp rökstuddan dóm um efnið og þar með myndað sér skoðun á niðurstöðu málsins.

Í annan stað vísar stefndi til þess, að dómsformaður hafi upphaflega talið þörf á að hafa sérfróðan meðdómanda í málinu, þ. e. löggiltan endurskoðanda, en hafi nú tilkynnt lögmönnum, að tilkvaddur verði héraðsdómari í stað hans. Með þessu sé ljóst, að umdeildir dómara hafi þegar fengið þær sérfræðilegu upplýsingar, sem þeir hafi talið þörf á við upphaf málsins.

Um fyrra atriðið felst það í störfum dómara að semja dóma af hlutlægni og í samræmi við gildandi lög. Hefur ekki verið sýnt fram á, að dómara hafi ekki verið hlutlægir við samningu þess dóms, sem nú hefur verið úr gildi felldur. Þess eru fjölmörg dæmi, að dómara, sem hafa verið ómerktir í Hæstarétti og vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, hafi verið dæmdir að nýju af sama dómara án þess að hafa sætt athugasemdum í Hæstarétti. Heyrir slíkt reyndar til aðalreglu.

Um síðara atriðið er það oft álitamál, hvort kveðja skuli til sérfróðan meðdómsmann. Enda þótt sú ákvörðun hafi verið tekin í máli þessu upphaflega, er ljóst, að héraðsdómara hafa til að bera þá þekkingu, sem þarf til að kveða upp dóm í máli þessu á hlutlægan hátt, en ágreiningurinn snýst einkum um túlkun á ákvæðum skattalaga. Á þeim grundvelli ákvað dómsformaður að kveðja til héraðsdómara í stað sérfróðs meðdómsmanns. Hefur hæfi þess héraðsdómara enda ekki verið vefengt.

Hefur stefndi þannig ekki bent á nein þau atriði, sem séu til þess fallin að draga hlutlægni dómara málsins í efa, þegar að því kemur að leggja dóm á ágreiningsefnið að nýju.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda um, að dómendur víki sæti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda um, að dómendur víki sæti, er hafnað.
